

# ÞAÐ ER ATHYGLISVERT

- að atvinnuþátttaka giftra kvenna á Íslandi var um 20% árið 1960 en um 84% árið 1986.

Telur þú að stjórnvöld hafi komið til móts við konur eftir að þær fóru að taka meiri þátt í „atvinnulífinu“ og „sköpun þjóðarverðmæta“? Til dæmis með því að fjölga dagheimilum, stuðla að sveigjanlegri vinnutíma, samfelldum og lengri skóladegi barna, aukinni þjónustu við aldraða og sjúka sem hefur gjarnan hvílt á herðum heimavinnandi kvenna?

- að laun kvenna í fullu starfi voru árið 1986 um 60% af launum karla og var sá launamunur lítið breyttur frá því á árinu 1981.

- að laun giftra kvenna voru um 55% af launum kvæntra karla árið 1986 ef miðað er við fullvinnandi fólk og hafði sá launamunur jafnvel aukist frá því á árinu 1981.

Telur þú að konur ættu samkvæmt þessu að borga minna til samfélagslegra þarfa en karlar ef það kostar þjóðfélagið minna að hafa þær í vinnu? Ættum við ef til vill að fara fram á að greiða aðeins hluta af vöruberði í verslunum þar sem þjónustugreinarnar komast upp með að borga konum minna kaup? Eru konur kannski purftarminni en karlar? Skyldu til dæmis börn einstæðra mæðra borda minna en annarra foreldra?

- að 90% giftra kvenna á aldrinum 19 til 50 ára vinna utan heimilis.

Telur þú að eiginmenn þessara kvenna vinni heimilisstörfin í jöfnu hlutfalli við atvinnuþátttökum þeirra úti á vinnumarkaðinum?

- að árið 1974 brautskráðust álika margir piltar og stúlkur með stúdentspróf en árið 1987 voru piltarnir sem fengu húfuna 675 og stúlkurnar 990.

- að frá því í nóvember 1987 til nóvember 1988 hækkuðu heildarlaun allra launþega um 21% en hjá háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum aðeins um 8%.

Telur þú að aukin menntun kvenna hafi einhver áhrif á versnandi launakjör háskólamenntaðra manna? Ein ástæðan, sem jafnan er tilgreind þegar rætt er um launamun karla og kvenna, er sú að konur hafi minni menntun en karlar og sækji fremur í störf sem krefjast minni sérhafingar og styttri skólagöngu en þeir. Er hugsanlegt að það sé rangt? Getur verið að sú staðreynd að kvennastéttir eru almennt verr launaðar en karlastéttir sé ekki vegna þess að starfið sé vanmetið heldur vegna þess að konur séu vanmetnar?

- að hlutur kvenna í mótu samfélagsins er ákaflega rýr hér á landi. Árið 1922 til dæmis var fyrsta konan kjörin á þing en fram til ársins 1983 sátu aldrei fleiri en þrjár konur á þingi. Eftir að konur buðu fram

sérstaka lista til alþingis árið 1983 hefur alþingiskonum fjölgæð í 13 og eru nú 21% alþingismanna.

Telur þú að konur ættu að taka höndum saman á fleiri svíðum en í pólitík og auka þar með hlutdeild sína í stefnumótun samfélagsins? Er hugsanlegt að konur geti sameinast um svíð er tengjast fjármálum og viðskiptum og rofið þar með þá einangrun sem við búum við varðandi efnahagskerfið og stjórnun þess? Geta konur fengið aukna hlutdeild í stjórnun fyrirtækja sem þær vinna í? Hvernig má það annars vera að fyrirtæki geta farið fram á að starfsfólkið herði sultarólinu þegar illa árar en komast síðan upp með það að hækka ekki launin þegar vel gengur en sóa hagnaðinum í óarðbærar fjárfestingar? Axla stjórnendur þessara fyrirtækja ábyrgð eins og það er kallað? Eigum við kannski að stofna kvennabanka eða sparisjóð? Hvað um tryggingarfélag kvenna? Eða kaupfélag?

- að í borgar- og bæjarráðum eru konur 13% fulltrúa en hins vegar er engin kona borgar- eða bæjarstjóri.

- að 27% þeirra sem sitja í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum borgar- og bæjarstjórnar eru konur. Telur þú að konur beri lítið skynbragð á sitt nánasta umhverfi? Ætli konur hafi lítið áhuga á því sem gerist í kringum þær eða hvernig sveitarfélagi þeirra er stjórnað? Hvernig er þessu háttar að í þinni sveit? Eru forgangsverkefnin í samræmi við óskir kvenna? Hver er kaupfélagsstjórin? Pingmaðurinn? Sveitarstjórin? Bæjarstjórin? Sparisjóðs- eða bankastjórin? Hverjur stjórnna atvinnufyrirtækjunum, útgerðinni, landbúnaðinum, fjárfestingarsjóðunum? Skyldi skipta máli hvort það er kona eða karl?

- að í nefndum sem kjörnar voru eða skipaðar samkvæmt lögum og ályktunum Alþingis voru konur árið 1976 einungis 5% nefndarmanna en árið 1987 hafði hlutur þeirra aukist í 11%.

Telur þú að konur hafi ekki næga þekkingu til að sitja í svona nefndum og taka ákvárdanir sem varða samfélagið í heild? Ætli það breytti einhverju ef við værum fleiri sem hefðum áhrif á gang þeirra mála sem um er fjallað á nefndarfundum ráðuneytanna?

Vinna konur minna?

Eru þær latari?

Eru þær verr menntaðar?

Eru þær ábyrgðarlausari?

Ef svarið er já þá sættum við okkur við ríkjandi ástand.

Ef svarið er nei – tökum þá höndum saman og sláum hring um landið!

**Kvenna  
listinn**

# KONUR-SLÁUM HRING UM LANDIÐ

**Kvenna  
listinn**



# KONUR ERU OF HLJÓÐAR

Það er nýlega runnið upp fyrir íslenskri þjóð að óviturlegt sé að bera öll egginn í sömu körfunni. Til skamms tíma héldu menn að fiskurinn í sjónum væri óþrjtandi og eftir því sem fólkini fjölgæði og lífsgæðakröfurnar ykjast þyrfti einfaldlega að veiða fleiri fiska. Nú er helsta umræðuefnið hvernig skipta eigi fiskunum á milli skipa og landshluta – m.a. á þingum hagsmunaaðila sem eru harla einlitar jakkafatasamkundur. Fiskvinnslufólk, þ.e.a.s. konurnar, ættu að taka þátt í þeim umræðum og móta stefnuna ekkert síður en útvegsmenn og sjómenn. En þær koma þar hvergi nærrí.

Í því mikla hagsmunamáli er hreint ekki auðvelt að móta stefnuna út frá sjónarhóli kvenna vegna þess hversu lítið heyrist frá konunum sjálfum sem hlut eiga að máli. Og svo er einnig á ýmsum öðrum sviðum atvinnulífsins. Konur eru svo alltof hljóðar.

Pögn þeirra á sér vitanlega ótal skýringar. Margfalt hlutverk, tvöfalt, jafnvæl prefalt vinnuálag, eðlislæg hógværð, uppeldismótun og fleira. En sjálfstæði kvenna verður aldrei að veruleika ef þær verða einlægt hlutlausir þiggjendur þess sem að þeim er rétt.

Konur bera nú uppi fjölmargar atvinnugreinar. Fyrst og fremst eru það hin hefðbundnu kennastörf, sem lúta að uppeldi, umönnun og fræðslu, svo og fiskvinnslan. Konur hafa þó haslað sér völl á nánast öllum sviðum atvinnulífs, en þær hafa hins vegar átt litinn þátt í mótu þess – enda sjaldnast spurðar ráða.

Petta verður að breytast. Konur mega ekki sætta sig við áhrifaleysi sitt og líta á frumkvæði og forræði karla í atvinnulífinu sem óhaganlegt náttúrolögum.

## EF KONUR HEFÐU RÁÐIÐ

Hvarvetna þar sem ráðum er ráðið í efnahags- og atvinnumálum halda karlar um taumana. Þeir eru í yfirgnæfandi meirihluta í ríkisstjórn, í ráðuneytum, á Alþingi, í sveitarstjórnunum. Þeir eru allsráðandi í bönkum og fjárfestingarsjóðum. Og fyribær eins og Vinnuveitendasambandið og Verslunarráðið eru nær einlitar jakkafatasamkundur. Sömuleiðis stórveldið SÍS, samband iðnreknda, útvegsmanna og bænda.

Það er helst í heimi stjórnmálanna, sem konur eru að verða sýnilegar, og þar á Kvennalistinn stærstan hlut að máli. Ef til vill er kominn tími fyrir nýja sókn kvenna á borð við Kvennalistann, en nú í heimi fjármála- og atvinnulífs. Hvað til dæmis með stofnun kvennabanka? Eða fjárfestingarsjóðs sem lánaði konum?

Konum fjölgar afar hægt og bítandi í stjórnunarstörfum ráðuneytanna. Í ráðuneytum atvinnumála eru konur þó ennþá víðs fjarri. Skyldi vera samhengi þar á milli og þess að atvinnuleysi bitnar alltaf fyrst og

fremst á konum?

Við getum velt fyrir okkur, hverju það hefði breytt ef konur hefðu ráðið meira um þróun atvinnulífsins til þessa.

Væri ástandið annað í orkumálum landsmanna?

Hefðu konur farið jafngest í virkjanirnar?

Hefði stóriðjudraumurinn náð jafnmiklum heljartökum á ráðamönnum ef þeir hefðu verið kvenkyns?

Hefðu konur kannski lagt meiri áherslu á þróun matvælaiðnaðar í heimi vaxandi krafna um ómengadá framleiðslu?

Hefðu konur stutt meira við smáiðnað af ýmsu tagi?

Hefðu konur verið sneggri til ráðstafana gegn óhóflegri sókn í fiskistofnana?

Hefðu konur sýnt jafnmikið fyrirhyggjuleysi við uppbyggingu fiskeldis?

Hefðu konur fjárfest jafnhömlulaust í fiskiskipum, flugvélum, hótelum, loðdýrabúum, fiskeldiskerjum og verslana- og skrifstofuhóllum?

Hefðu konur hlúð betur að undirstöðu öflugs og þróaðs atvinnulífs, þ.e.a.s. menntun og rannsóknarstarfsemi?

Við slískum spurningum er ekki hægt að gefa ákvæðin svör því konur hafa engu ráðið um þessa hluti. En okkur leyfist að ímynda okkur eitt og annað.

Og konur geta aldrei sannað sjálfum sér né öðrum eitt né neitt nema reyna sjálfar að taka á málunum.

## HVAÐ VILJA KONUR?

Íslendingar hafa til þessa að mestu sloppið við þann vágest sem atvinnuleysið er. Nú ber hann að dyrum og þá hittir hann fyrst og síðast fyrir konur og ungmenni, sem eru að koma út á vinnumarkaðinn í fyrsta sinn.

Það er staðreynnd sem ekki má gleymast við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi.

Við mótu stefnunnar í atvinnumálum ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Menntun, hugvit og þekking er grundvöllurinn að uppbyggingu og nýsköpun. Því ber að leggja áherslu á **menntun og rannsóknarstarfsemi** ekki síst með tilliti til vöruvöndunar og markaðsöflunar.

Auðlindir landsins eru ekki aðeins fiskimið, jarðvarmi og fallvötn, heldur einnig og ekki síður **hreint loft, tært vatn og ómengadó umhverfi**. Það eru nú orðin ómetanleg auðæfi í iðnvæddum heimi.

Íslendingar eru fyrst og fremst **matvælaframleidendur** og eiga ýmsa ónýtta möguleika á því sviði þar sem **taka ber mið af vaxandi kröfum um ómengadó framleiðslu**.

Við þurfum að vera opin fyrir nýjungum og byggja á eigin aðstæðum og hráefnum og virða þol lands og sjávar.

Stóriðjustefnan hlýtur að heyra fortíðinni til. **Smáfyrtæki** eru og verða **kjölfestan á sviði iðnaðar**. Par geta konur sótt fram með áherslu á umhverfisvernd og mannleg sjónarmið.

Í orkukerfi landsins er mikil **umframorka** sem nýta má til **eflingar smáiðnaði**, t.d. með því að bjóða framleiðslufyrirtækjum lágt orkuverð utan álagstíma.

Konur hafa alla tíð borið uppi fiskvinnsluna í landinu og eiga rétt á því að sérstakt tillit sé tekið til **hagsmuna kvenna við nýsköpun í vinnslu sjávarafurða**.

Í ferðapjónustu eru margir ónýttir möguleikar, m.a. í tengslum við heilsurækt. **Ferðapjónusta býður upp á fjölbreytt störf, seem henta konum vel**.

Tölvuteknin er að gjörbylta atvinnulífi landsmanna. Konur verða að taka fullan þátt í þeirri bytingu og gæta þess að **tölvuteknin sé nýtt til þess að bæta kjörin, léttá störfin og stytta vinnutímann**.

## HAGVÖXTUR Á HERÐUM KVENNA

Hagvöxtur heitir átrúnaðargoð nútímans og er náskaðt Mammoni gamla. Heilir fræðin snúast um goð þetta, allt skal miðast við aukna framleiðni, aukna verðmætasköpun, aukinn hagvöxt.

Hér á landi hefur verið mikill hagvöxtur um margra ára skeið, reyndar með nokkrum sveiflum upp og niður, sem oft ráðast af skilyrðum fiskanna í sjónum.

Margur heldur að aukinn hagvöxtur eigi einkum rætur að rekja til meiri þekkingar, meiri tækni, meiri hagræðingar. Svo hefur þó ekki raunin verið hér nema að litlu leyti. Kannanir sýna að landsframleiðsla á hvern vinnandi mann jókst nær ekkert á árunum 1973–83. Vöxtur átrúnaðargoðsins á síðustu áratugum er að mestu leyti til kominn vegna aukinnar atvinnupáttöku og þá fyrst og fremst **aukinnar vinnu kvenna utan heimilanna**.

Púsundum saman hafa konur streymt út á hinn launaða vinnumarkað á síðustu áratugum. Þær standa undir verðmætaaukningu sjávaraflans og bera uppi flestar þjónustugreinarnar.

Konur hafa hlýtt kalli þjóðfélagsins sem æpir á sérhæðan starfskraft og vinnufúsar hendur. Fjöldi þessara kvenna hefur reyndar ekki átt um neitt að velja, þær hafa orðið að bæta á sig launavinnu til að sjá fyrir sér og sínum.

## LAUN PJÓÐFÉLAGSINS

Hvar væri þjóðfélagið statt án hins mikla vinnuframlags kvenna sem þær bæta ofan á ólaunuð störf inni á heimilunum?

Og hvernig launar þjóðfélagið þeim þetta mikla framlag?

Hvernig er komið til móts við þarfir heimilanna svo að þau þurfi í engu að líða fyrir svo mikilvægt framlag kvenna til eflingar átrúnaðargoði nútímans, hagvextinum?

Þeir sem mestu ráða viðurkenna ekki enn á borði réttmæti krafna um **atvinnustefnu sem tekur mið af**

aðstæðum kvenna og þörfum fjölskyldunnar, endurmati á störfum kvenna, lífvænlegum daglaunum, fjölbreytilegri atvinnukostum á landsbyggðinni, sanngjörnu fæðingarorlofi, raunhæfum barnabótum, öruggri dagvistun, samfelldum skóladegi og fleira sem lýtur að bættum hag kvenna og barna.

Konur þurfa ekki að biðjast afsökunar á slíkum kröfum. Petta eru sjálfsagðar kröfur þeirra sem eiga drýgstan þátt í þeim hagvexti sem svo margir blesa í bak og fyrir.

## HAGFRÆÐIN OG HEIMILISSTÖRFIN

Með aukinni vinnu kvenna utan heimilanna hafa störf þeirra orðið mælanleg á stíkum hagfræðinnar.

Margir kannast við dæmið um ráðskonuna sem giftist húsbóna sínum. Meðan hún var ráðskona mældust verkalaunin hennar sem liður í þjóðarbúskapnum. Sómu verkin sem hún innir af hendi, sem húsmódir á eigin heimili, eiga sér hins vegar hvergi stoð í þjóðhagsreikningum.

Ólaunuð vinna, hversu þjóðhagslega hagkvæm sem hún er, telst ekki til grundvallar hagvexti. Uppeldi barna, umönnun aldraðra, þrottar og þrif, svo og framleiðsla af ýmsu tagi, eins og saumaskapur, matseld, sultugerð o.fl. o.fl.; ekkert af þessu mæla hagfræðingar fyrr en þeir þurfa að kaupa sér þjónustuna. Þá munda þeir stikuna og mæla hagvöxtinn.

Hvernig má þetta vera? Líta þeir aldrei í kringum sig á eigin heimili? Hafa þeir aldrei sjálfir þurft að elda eða sinna öðrum grundvallarþörfum fjölskyldunnar?

## HAGVÖXTUR OG UMHVERFI

Umhverfisvernd er af mörgum skilgreind sem langtímahagfræði.

En skammtímasjónarmið ráða enn ferðinni í þjóðfélaginu.

Sífellt fleirum er þó að verða ljóst að það eru takmörk fyrir því, hve nærrí náttúruauðæfunum við megum ganga, án þess að vinna spjöll sem seint eða aldrei verða bætt.

Tæknið setur okkur ekki lengur þessi takmörk. Við verðum að meta þau sjálf.

Hagfræðingar hafa ekki tekið umhverfisspjöll með í reikninginn, sem kostnað þegar þeir mæla hagvöxtinn.

Pannig eykur ásóknin í aukinn hagvöxt hættuna á óbætanlegum umhverfisspjöllum.

Minnumst þess að við höfum umhverfi okkar og náttúruauðlindir aðeins að láni hjá afkomendum okkar.